

Ytri staðfesting CIRCULAR á umgjörð Arion banka um græn innlán¹

Arion banki og sjálfbærni

Arion banki veitir fyrirtækjum og einstaklingum alhliða bankaþjónustu og er skráður í íslensku og sænsku kauphöllum. Arion banki hefur birt samfélagskýrslu sem byggir á UFS-leiðbeiningnum Nasdaq um umhverfismál, samfélagsmál og stjórnarhætti og GRI Core staðlinum, þar sem fjallað er um árangur í sjálfbærni í víðu samhengi. Umgjörð bankans um græn innlán mun stuðla enn frekar að aukinni skýrslugjöf bankans í þessum málaflokki. Arion banki er aðili að bæði innlendum og alþjóðlegum sjálfbærnisamtökum og viðmiðum, þar á meðal Festu (Ísland), UN Global Compact, UN PRI, UNEP FI og UN PRB.

Ráðstöðun afraksturs

Afrakstur grænna innlána verður notaður til að fjármagna lán á kaupum á ökutækjum með lítinn eða engan útblástur gróðurhúsalofttegunda ásamt hleðslustöðvum. Búist er við að skilyrðin sem þarf að uppfylla breytist í árslok 2025, þegar þau verða strangari og leyfa engan útblástur. Ökutækjaflokkarnir eru í samræmi við áður nefnda og viðeigandi alþjóðlega staðla og viðmið.²

Stjórnarhættir

Áhættustýring Arion banka hefur eftirlitskerfi til að tryggja að afrakstur grænna innlána verði aðeins notaður til að fjármagna flokka gjaldgengra verkefna. Innri stýrihópur bankans um samfélagsábyrgð gegnir enn fremur því hlutverki að stjórna og samþykkja umgjörð um græn innlán. Arion banki hyggst gefa árlega út skýrslu um áhrif grænu innlánanna sinna og nota til þess viðeigandi mælikvarða á áhrif í samræmi við markaðsviðmið um skýrslugjöf.³

Skýrslunni mun fylgja ytri staðfesting frá óháðum sjálfbærnisérfræðingum varðandi (a) það að fjármögnuð verkefni uppfylli skilyrði flokka gjaldgengra verkefna og (b) umhverfisáhrif fjármögnuðu verkefnanna. Skýrslunni mun auk þess fylgja yfirlýsing ytri endurskoðanda þess efnis að féð hafi verið notað í ætluðum tilgangi.

Styrkleikar og tækifæri

Umgjörðin um græn innlán er í samræmi við viðeigandi alþjóðastaðla sem er styrkleiki. Annar styrkleiki er að í umgjörðinni er innbyggður tímarammi fyrir fjármögnun ákveðinna ökutækja sem og sú staðreynd að 100% ökutækja sem knúin eru einvörðungu með jarðefnaeldsneyti eru algjörlega útilokuð.

¹ Dagsett 4. júní 2020.

²European Union Expert Group on Sustainable Finance Taxonomy Technical Report (EU Taxonomy) (júní 2019), International Capital Market Association's Green Bond Principles (júní 2018), Climate Bonds Taxonomy (October 2019), og Climate Bonds Initiative's Low Carbon Land Transport and the Climate Bonds Standard (útgáfa 1.0, frá febrúar 2017).

³ The International Capital Market Association's & Green Bond Principles' Handbook on Harmonized Framework for Impact Reporting (júní 2019), European Union's Technical Expert Group on Sustainable Finance Report on EU Green Bond Standard (júní 2019), og Nordic Public Sector Issuers: Position Paper on Green Bonds Impact Reporting (janúar 2019) auk annarra viðeigandi mælikvarða.

Taka skal tillit til innlends raforkukerfis þegar umhverfisáhrif rafdrifinna ökutækja eru metin til að tryggja lítinn útblástur gróðurhúsalofttegunda á líftíma þeirra. Losun gróðurhúsalofttegunda í raforkukerfinu á Íslandi er tiltölulega lág með einungis 8,8 g CO₂/kWh árið 2017 þar sem raforkan er fyrst og fremst framleidd með endurnýjanlegum orkugjöfum sem felur í sér tækifæri til að draga úr losun á landsvísu.

Það er mögulegur veikleiki að hámarksútblastursviðmiðið til ársins 2026 felur ekki endilega í sér varnir gegn notkun tvinnökutækja á jarðefnaeldsneyti. Einnig er það mögulegur veikleiki ef framleiðsla á vetni felur í sér notkun á jarðgasi og þar með útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Ökutæki sem eru knúin með gasi (CNG) úr landfyllingum er hægt að knýja með jarðgasi. CNG-ökutæki geta verið uppspretta annars konar mengunar en þeirrar sem leiðir til loftslagsbreytinga. Auk þess getur leki á metani í virðiskeðjunni haft töluverð neikvæð áhrif á loftslagsbreytingar.

Ytri staðfesting CIRCULAR Solutions ^{4 5}

Neikvæð umhverfisáhrif sem hægt er að koma í veg fyrir með verkefnum sem grænu innlánin fjármagna eru mögulega umtalsverð. Aftur á móti byggja áhrif þessarar áætlunar á að stuðla að orkuskiptum á Íslandi algjörlega á því að grænu lánin sem boðið er upp á séu eftirsóknarverð í samanburði við önnur bílalán.

Það er okkar mat að umgjörðin um græn innlán og skýrslugjafaraðferðir séu í samræmi við viðeigandi staðla og viðmið.^{2 3} Grænu lánin, til fjármögnunar orkuskipta í samgöngum, gætu því haft þau áhrif að flýta jákvæðum breytingum í átt að sjálfbærni.

CIRCULAR Solutions

[CIRCULAR Solutions](#) er leiðandi á sviði sjálfbærni- og UFS-þjónustu (umhverfis- og loftslagsmál, félagsmál og stjórnarhættir). CIRCULAR hefur veitt aðstoð við að móta UFS-stefnur og unnið að skýrslugjöf um áhrif og rannsóknnum á sjálfbærri vöru- og virðiskeðjuþróun fyrir marga leiðandi aðila í sínum starfsgreinum. CIRCULAR hefur einnig stuðlað að því að skapa sjálfbæran fjármálamarkað á Íslandi, sjá [CIRCULAR Bonds](#).

Bjarni Herrera Þórisson, framkvæmdastjóri
Haftór Ægir Sigurjónsson, verkfræðingur, PhD

⁴ Ytra matið gildir í þrjú ár frá þeim degi sem umgjörðin um græn innlán er gefinn út eða þar til bankinn gefur út aðra umgjörð um græna/sjálfbæra fjármögnun sem felur í sér flokka gjaldgengra verkefna.

⁵ Fyrirvari frá CIRCULAR Solutions: Arion banki bar ábyrgð á því að veita CIRCULAR nákvæm gögn, fylgiskjöl og upplýsingar um stefnurammann um græn innlán. CIRCULAR reyndi eftir fremsta megni að tryggja að matsferlið væri unnið samkvæmt ströngustu kröfum. Allur réttur áskilinn. Ekki má afrita, þýða eða endurvinna nokkurn hluta af þessu skjali án fyrir fram fengins skriflegs samþykkis frá CIRCULAR. Þetta skjal er aðeins veitt í upplýsingarskyni og CIRCULAR axlar enga ábyrgð á innihaldi þess og/eða tjóni sem til kemur vegna notkunar á því og/eða upplýsingunum í því við ákvarðanir um fjárfestingar eða fjármál, eða nokkrar aðrar ákvarðanir. Enn fremur skal á engan hátt túlka þetta skjal sem mat á efnahagslegri frammistöðu og/eða lánshæfi Arion banka eða nokkurra fjármálagerninga hans. Ef misræmi er á milli íslensku og ensku útgáfu þessarar ytri staðfestingar gildir enska álitid.